

Rio Tinto á Íslandi  
Straumsvík Pósthólf 244  
222 Hafnarfjörður

Reykjavík, 24. janúar 2020  
UST201901-196/H.E.  
08.07.02

**Efni: Reglubundið eftirlit, 20. nóvember 2019 í álver RioTinto, Straumsvík.**


Þann 20. nóvember sl. fór fram reglubundið eftirlit í álver RioTinto í Straumsvík. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit en fjórum ábendingum var komið á framfæri.

Virðingarfyllst



Halla Einarsdóttir



Hera Guðlaugsdóttir

**Afrit:** Heilbrigðisnefnd Hafnafjarðar- og Kópavogssvæðis

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Rio Tinto á Íslandi Hafnarfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	20.11.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Einarsdóttir
Fyrirtæki	Rio Tinto á Íslandi	Eftirlitsmaður	Hera Guðlaugsdóttir
Heimili	Straumsvík	Tegund eftirlits	Reglubundið seinna eftirlit
Kennitala	6804660179	Flokkur	Ál
Fulltrúi fyrirtækis	Guðrún Þóra Magnúsdóttir	ÍSAT nr.	24.42.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	352084,248 397144,812

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í seinni reglubundnu vettvangsferð eftirlits í álver RioTinto í Straumsvík.

Í eftirlitinu komu ekki fram ný frávik en fjórum ábendingum var komið á framfæri.

## UMFANG EFTIRLITS

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

1. Ársfjórðungsskýrslur 2019
2. Kerrekstur í kerskálum 1 og 2
3. Endurgangsetning kerskála 3
4. Rekstur þurrhreinsistöðva
5. ETS - almennt
6. Skoðunarferð í kerskála.

1. Mælingar í ársfjórðungsskýrslu eru innan starfsleyfismarka og stefnir í að haldast þannig þrátt fyrir rekstrarþöubleika og útslátt í skála 3. Sýni úr fráveitu hafa verið tekin en niðurstöður úr greiningu þeirra liggja ekki fyrir. Þær eru væntanlegar inn á næstu ársfjórðungsskýrslu (fyrir 4 ársfjórðung 2019). Farið var yfir niðurstöður rykmælinga í rjáfri og skráningar þeirra. Ítarlegar mælingar á loftflæði í rjáfri voru gerðar 2018 og skiluðu mælingarnar því að hlutfall loftflæðis milli skála

2. Ristíðni er hærrí í ár en undanfarin ár en innan skilgreindra marka í starfsleyfinu. Kerlekar voru einnig tíðari í ár en undanfarin ár. Í sumum tilvikum næst að stöðva lekan án þess að allt kerið leki niður.

3. Umhverfisstofnun barst tilkynning 22. júlí sl. að kerskáli 3 hefði verið tekinn úr rekstri. Ástæðan voru rekstrarþöubleikar og óstöðugleiki í rekstri kerjanna en nánari greining á ástæðum rekstrarstöðvunarinnar er enn í gangi. Áætlun um endurgangsetningu var send Umhverfisstofnun í lok ágúst en fyrstu kerin voru endurræst í byrjun september. Endurgangsetningin hefur gengið vel og þann 1. nóvember var kerskálinn kominn í fullan rekstur. Enn er skálinn þó keyrður á lægri straumi og mun verða hækkaður smátt og smátt til að halda jafnvægi í skálanum. Heildarframleiðsla á árinu 2019 var minni af þessum sökum í ár og er áætluð um 185 tonn yfir árið 2019. Rætt var um mælingar á losun út um rjáfur fyrir við endurgangsetninguna en ryksöfnunarkasetta er staðsett fyrir ofan hvern kerhóp (20 ker í hópi). Mælt var í rjáfrinu meðan á endurræsingu kerja stóð.

4. Farið var yfir rekstur þurrhreinsistöðva og áhrif óstöðugleika í rekstrinum á þær.

Tilkynning barst 16. júlí sl. um að þurrhreinsistöð 1 hefði slegið út í um klukkustund vegna bilunar í varnarbúnaði fyrir háspennurofa.

Tilkynning barst Umhverfisstofnun 29. ágúst sl. um útslátt þurrhreinsistöðva vegna truflunar í spennuflæði. Þurrhreinsistöð sló út í 47 mínútur og þurrheinsistöð 2 í 2 klst og 5 mínútur.

Tilkynning barst Umhverfisstofnun 5. nóvember sl. um bruna í loftþjóppu sem truflaði hreinsun í þurrhreinsistöð í um fjórar klukkustundir. Sjórkerfi hreinsistöðvarinnar röskuðust en mæligildi eftir viðgerð gaf til kynna að virkni hreinsivirkisins hefði skerst vegna brunans en ekki slegið alveg út.

Á meðan á eftirlitinu stóð komu upp spennutruflanir í aðveitustöð með þeim afleiðingum að þurrhreinsistöð 1 sló út í 50 mínútur, þurrhreinsistöð 2 í 15 mínútur og þurrhreinsistöð 3 í 40 mínútur.

Rætt var um eftirlit með þurrhreinsistöðvum og skráningar á virkni þeirra og bilunum.

5. Rætt var um áhrif óstöðugleika í rekstri kerskála á losun CO<sub>2</sub> en þar sem að framleiðsla hefur verið skert kemur ekki til viðbótarheildarlosunar frá verksmiðjunni á árinu í heild. Rætt var um mælingar og útreikninga á PFC losun.

6. Að loknum eftirlitsfundi var farið í skoðunarferð um kerskálana. Fylgst var með mótna raflausnar í ker í skála 3 og

skautskiptum í skála 2. Rætt var við sérfræðing í kerrekstri og rætt um daglegan rekstur og eftirlit með kerrekstrinum. Farið var yfir skilgreiningu á spennurísum og til hvaða aðgerða er gripið til að bregðast við þeim. Starfsmenn eru með símboða sem senda tilkynningar ef spennuris á sér stað. Upplýsingar um tiðni og lengd spennurisa ofl. tengt kerrekstri er rýnd daglega af sérfræðingum og svo tekin saman mánaðarlega. Almennt var snyrtilegt um að lílast í kerskálanum.

## ÁBENDINGAR

Að kvöldi 2. september sl. kom upp bruni í PVC rörum og timbri sem voru fyrir utan kerskála 1. Í kjölfarið var farið í tiltekt við kerskálana og hugsanlegur eldsmatur við tilvik sem þessi fjarlægður.

Rekstraraðila upplýsti eftirlitsaðila um atvik þar sem að reykur frá álverinu var tilkynntur til slökkviliðs. Reykurinn stafaði af endurræsingu kers en síkar aöstæður geta komið upp í skamma stund við sílika framkvæmd. Brugðist var hratt við atvikinu og losun fór ekki upp fyrir skilgreind starfsleyfismörk vegna þessa.

Fimm tilvik um útslátt/skerðingu þurrhreinsistöðva hefur verið tilkynnt til Umhverfisstofnunar það sem af er ári. Þessar bilanir hafa ekki orðið til þess að losun fari yfir starfsleyfismörk.

Þann 17. desember barst Umhverfisstofnun tilkynning um að sjálfvirkir mælar í ryksíu frá skautskála hefði sýnt gildi yfir viðmiðunarmörkum og var ráðist strax í viðgerðir til að koma ryksíunni aftur í eðlilegan rekstur.

## ANNAÐ

Starfsleyfi RioTinto rennur út 1. nóvember 2020. Umsókn að endurnýjuðu starfsleyfi er í undirbúningi og hafa drög að skýrslu um grunnástand verið kynntar Umhverfisstofnun. Aðlögunartími rekstraraðila til að uppfylla skilyrði BAT-niðurstaðna fyrir járnlausán málum (non ferrous metals) er til 1. júlí 2020.

Unnið er að áhættumati til ákvörðunar á tíðni eftirlits eins og fjallað var um í síðasta eftirliti. Tíðni eftirlits frá og með árinu 2020 mun byggja á niðurstöðum úr áhættumatinu.

Reykjavík, 23.01.2020

  
Halla Einarsdóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.